



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra



# ÁRSSKÝRSLA **2011**

**HEIMILI OG SKÓLI**  
- LANDSSAMTÖK FORELDRA

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra  
haldinn 23. maí 2012 í Laugalækjarskóla, Leirulæk 2, 105 Reykjavík

**Útgefandi:** Heimili og skóli – landssamtök foreldra  
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð  
108 Reykjavík

**Ritstjórn:** Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri

**Umbrot og hönnun:** Halla Björk Kristjánsdóttir

**Ábyrgðarmaður:** Ketill B. Magnússon, formaður

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja ehf.

## EFNISYFIRLIT

|   |           |
|---|-----------|
| Inngangur   | 4         |
| <b>1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla</b>                      | <b>5</b>  |
| 1.1. Stjórn   | 5         |
| 1.2. Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir                             | 5         |
| 1.3. Starfsmenn   | 5         |
| <b>2. Starfsemi</b>   | <b>5</b>  |
| 2.1. Húsnæði  | 5         |
| 2.2. Félagsmenn   | 6         |
| 2.3. Helstu verkefni  | 6         |
| 2.4. Samstarfssamningur   | 6         |
| <b>3. Helstu verkefni</b>   | <b>6</b>  |
| 3.1. Ráðgjöf og upplýsingar   | 6         |
| 3.2. Þjónusta við skólakerfið   | 7         |
| 3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök                                       | 8         |
| 3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla                               | 8         |
| 3.5. Foreldradagurinn   | 9         |
| 3.6. SAFT   | 9         |
| <b>4. Útgefið efni, endurprentun, dreifing og vefsíða</b>             | <b>12</b> |
| 4.1. Handbækur  | 12        |
| 4.2. Virkir foreldrar   | 12        |
| 4.3. Rusleyjan, lestrarbók SAFT fyrir miðstig og leikverkið Heimkoman | 13        |
| 4.4. Vertu netsnjall!   | 13        |
| 4.5. Samstíga   | 13        |
| 4.6. Tímarit  | 13        |
| 4.7. Heimasíða og fésbók  | 13        |
| <b>5. Fundir, ráðstefnur, þing og námskeið</b>                        | <b>13</b> |
| <b>6. Samstarf innanlands</b>   | <b>15</b> |
| <b>7. Norrænt samstarf</b>  | <b>16</b> |
| <b>8. Evrópskt samstarf</b>   | <b>17</b> |
| <b>9. Lokaorð</b>   | <b>17</b> |
| Lög Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra                         | 18        |

**INNGANGUR** Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórn málaflokkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og samstarfsaðila hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar 2011 til desemberloka 2011. Skýrslan fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna á starfsárinu þar sem áhersla var einkum lögð á:

- Að bæta rekstur samtakanna og styrkja stoðir þeirra.
- Að veita foreldrum og félagsmönnum fræðslu og ráðgjöf svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka þátt í mótun skólasamfélagsins.
- Að styðja við starf foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða með handleiðslu og stuðla þannig að virkni þeirra svo foreldrar finni þar vettvang til samstarfs við skólann og til þátttöku í foreldrastarfi á landsvísu.
- Að styðja við starf foreldra- og skólaráða á öllum skólastigum svo þau geti tekið þátt í stefnumótun og veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald. Okkar trú er að stuðningur við skólasamfélagið efli samstarf heimila og skóla.
- Styðja við og stuðla að markvissri starfsemi svæðasamtaka foreldra í öllum landshlutum.
- Að koma sjónarmiðum foreldra er varða ákvarðanir og stefnumótun um skóla- og uppeldismál á framfæri við menntayfirvöld og efla lögbundið samráð.
- Samstarf um verkefni sem stuðla að auknum forvörnum og bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglínga.
- Að vinna að netöryggisverkefninu SAFT sem stuðlar að aukinni vitund um örugga notkun netsins og annarra nýmiðla.
- Þátttöku í umfjöllun um skóla- og uppeldismál í fjölmiðlum.

# 1. STJÓRN OG STARFS- MENN HEIMILIS OG SKÓLA

## 1.1. STJÓRN

Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 24. maí 2011.

### Í stjórn Heimilis og skóla starfsárið 2011 sátu:

Ketill B. Magnússon, formaður – Reykjavík  
Greta Kristjánsdóttir, varaformaður – Akureyri  
Anna Margrét Sigurðardóttir – Fjarðabyggð  
Arnar Þór Sævarsson – Blönduósi  
Borghildur Jósúadóttir – Akranesi  
Halldór Jörgensson – Garðabæ  
Ingrid Kuhlman – Álftanesi  
Jenný Ingudóttir – Reykjavík  
Lilja Dögg Gylfadóttir – Hafnarfirði  
Sigrún Þorleifsdóttir – Kópavogi  
Svava B. Sigurjónsdóttir – Reykjavík

Í stjórn Heimilis og skóla sitja 11 fulltrúar foreldra á landsvísu. Stjórnarmenn sinna margir hverjir miklu sjálfboðastarfi fyrir samtökin. Enginn stjórnarmanna þiggur laun fyrir störf sín.

Kjörnir skoðunarmenn voru Barbara Björnsdóttir og Hilmar Ingimundarson. Til vara voru Guðrún Valdimarsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir.

## 1.2. STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDANEFNDARFUNDIR

Frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011 voru haldnir tíu stjórnarfundir. Á sama tímabili fundaði framkvæmdanefnd tíu sinnum.

## 1.3. STARFSMENN

### Starfsmenn samtakanna starfsárið 2011 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri (frá 1. september, áður verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT)  
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT  
Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri (lét af störfum 26. október)  
Elín Helgadóttir, verkefnastjóri (lét af störfum í júní en sinni afleysingum frá ágúst til 20. september og svo aftur í nóvember til desember).  
Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri (hóf störf 21. desember)

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, sálfræði, alþjóðasamskiptum og lögfræði.

# 2. STARFSEMI

## 2.1. HÚSNÆÐI

Samtökin hafa aðsetur á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða. Flutt var milli hæða í júní 2011 og var þá farið af 4. hæð niður á 2. hæð og útbúinn nýr leigusamningur við Reiti fasteignafélag.



Samtökin hafa aðsetur á  
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð.

## 2.2. FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, foreldra- og skólaráð, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru um 3000 talsins við árslok 2011, þar af um 2000 virkir (sem greitt höfðu félagsgjöld).

## 2.3. HELSTU VERKEFNI

Samtökin þjónusta foreldra og skólasamfélagið á breiðum grunni. Má þar nefna:

- Aðstoð við stofnun og starf foreldrafélaga í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Aðstoð við stofnun og starf foreldraráða í leikskólum og framhaldsskólum og skólaráða í grunnskólum.
- Samtökin stuðla að stofnun og uppbyggingu svæðasamtaka á landsvísu og efla samtakamátt foreldra og borgaralýðræði.
- Símaþjónustu við einstaka foreldra, foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð, kennara og skólastjórnendur þar sem veittar eru upplýsingar og ráðgjöf um skólamál, uppeldi, einelti, netöryggi og hvaðeina sem brennur á foreldrum og öðrum sem til samtakanna leita.
- Fyrirlestra og kynningar fyrir foreldra, foreldraráð, skólaráð, foreldrafélög, bekkjarfulltrúa, skólustarfsmenn og aðra sem áhuga hafa á skólamállum.
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla.
- Foreldradaginn.
- Fulltrúaráðsfundi.
- SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni). Evrópskt samstarfsverkefni um örugga notkun netsins og annarra nýmiðla.
- Útgáfu fræðsluefnis, vefrits og tímarita.
- Ráðstefnur og málþing. Tökum bæði þátt og stöndum fyrir slíku.
- Þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.
- Stjórnarsetu hjá Námsgagnastofnun.
- Umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana eða frumvarpa til laga.
- Þátttöku í forvarnarverkefnum í samstarfi við aðra: Vímuvarnarvika – Vika 43, Náum áttum, Saman hópurnir, FRÆ, Samfo, Gegn einelti.
- Þátttöku í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana (t.d. barnahópur Velferðarvaktar).
- Samstarf við þriðja geirann (Almannaheill, Unicef o.fl.) og Umboðsmann barna.
- Starfsnema úr námsráðgjöf frá Háskóla Íslands.
- Viðtöl, greinar og upplýsingagjöf til fjölmiðla.

## 2.4. SAMSTARFSSAMNINGUR

Nýr samstarfssamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra var undirritaður á árinu og gilti frá 22. mars 2011. Samningurinn var til eins árs og fól í sér fjárframlag til að tryggja þjónustu samtakanna við foreldra skólabarna.



# 3. HELSTU VERKEFNI

## 3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Talsvert er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Foreldrar leita til samtakanna vegna ýmissa mála er tengjast skólastarfi og þá einkum vegna samskipta. Símaráðgjöfin hefur verið auglýst milli kl. 9-12 en reynslan sýnir að fólk hringir á öllum tímum dags og fær þá ráðgjöf. Eins senda margir fyrirspurnir með tölvupósti. Nokkuð er um að skólastjórnendur, kennarar, skólanefndarfolk og starfsmenn skóla og skólaskrifstofa hafi samband sem og framhaldsskólanemar, háskólanemar og aðrir sem þarfnast upplýsinga um samstarf heimila og skóla, netöryggi og skólamál almennt. Einnig fáum við heimsóknir á skrifstofuna þar sem leitað er eftir ráðum, upplýsingum og útgefna efni. Fjölmiðlar hafa gjarnan samband til að fá sjónarmið foreldra vegna málefna sem eru í umræðunni hverju sinni. Þó nokkuð var um að leitað væri til samtakanna vegna sameiningarmála og niðurskurðar árið 2011.

Haldið er utan um ráðgjöf með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl og önnur ráðgjöf eftir fremsta megni. Þegar skoðað er hvernig erindi

berast er mest skráð í flokkinn „annað“ en erfitt getur verið að flokka símtöl þar sem málin eru oft margþætt. Fast á hæla þess flokks er mest haft samband vegna mála er varða nemendur og því næst stjórn skóla og vegna aðbúnaðar og öryggis nemenda. Þar á eftir koma hringingar vegna kennara, og loks námsefnis. Langofast eru það foreldrar sem leita ráða og upplýsinga en því næst koma foreldrafélög og foreldra-/skólaráð. Þar á eftir eru „aðrir“, svo aðstandendur og kennarar, skólastjórnendur og loks bekkjarfulltrúar. Vert er þó að nefna að flokkarnir skarast stundum. Vegna mikilla breytinga á starfslíði og vandkvæða við notkun tölvukerfis voru einungis skráð 130 símtöl vegna 129 atvika á árinu. Er það ekki nema brot af þeim erindum sem í raun bárust. Skráningin gefur þó ákveðna mynd af viðfangsefnum.



### 3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLAKERFIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis milli beggja aðila þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Til að mynda er boðið upp á fyrirlestra um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, skólamál almennt og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga notkun barna og unglunga á netinu og öðrum nýmiðlum.

Á skrifstofu samtakanna fæst Foreldrabankinn sem er handbók fyrir bekkjarfulltrúa. Þar er að finna ýmsar gagnýtar upplýsingar og hefur Foreldrabankinn notið mikilla vinsælda sem og Foreldrasáttmálann. Unnið hefur verið að uppfærslu bæði Foreldrabankans og Foreldrasáttmálans og mun þeirri vinnu ljúka árið 2012. Einnig hafa samtökin dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til allra skólastiga. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldra- og skólaráða (t.d. Virkir foreldrar – betri grunnskóli). Voru þeir þýddir á pólsku í árslok 2010 og gefnir út rafrænt sem og prentaðir árið 2012. Var þeim í kjölfarið dreift til allra skóla landsins. Fræðslubæklingurinn Einelti – góð ráð til foreldra hefur einnig farið víða og nýtur sífelldrar eftirspurnar. Auk þessa er margs konar fræðsluefni í boði á vegum SAFT. Samtökin gefa út tímarit sem inniheldur ýmiss konar fróðleik um uppeldis- og skólamál.

Undanfarin ár hafa Heimili og skóli unnið markvisst að því að efla og styrkja foreldra af landsbyggðinni til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt. Markmið þessa grasrótastarfs er að efla starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum allra grunnskóla landsins. Reglulega eru sendar upplýsingar um fræðslufundi og annað sem er á döfni á þessa netfangalista.

### 3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Á nokkrum stöðum á landinu hafa orðið til svæðasamtök eða samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og aukið áhrif sín á skólastarfið. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

**Fulltrúaráð** Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Árlega boða samtökin til fulltrúaráðsfundar og var hann haldinn í sjöunda sinn í Háskólanum í Reykjavík 18. nóvember 2011 í tengslum við Foreldradag Heimilis og skóla sem haldinn var í fyrsta skipti. Tilgangur með stofnun fulltrúaráðsins er að skapa vettvang foreldra af öllu landinu og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landssamtökin við að styrkja tengsl við aðildarfélög og grasrót víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli sem og við stjórn og starfsfólk samtakanna.

Þess má geta að 26. janúar 2011 var haldinn stofnfundur samtaka foreldrafélaga og foreldraráða á Akranesi. Þetta eru fyrstu foreldrasamtökin hér á landi þar sem foreldrafélög allra skólastiga sameinast í ein regnhlífarsamtök.

### 3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru veitt í sextánda sinn 24. maí árið 2011 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, afhenti verðlaunin. Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Foreldraverðlaunin árið 2011 hlaut Vinaverkefnið í Skagafirði en verkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla í Skagafirði, frístundaeildar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, íþróttahreyfingarinnar og foreldrasamtaka í Skagafirði. Selma Barðdal Reynisdóttir, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi í Sveitarfélaginu Skagafirði, hefur stýrt verkefninu frá upphafi. Að auki voru veitt Hvatningarverðlaun og Dugnaðarforkaverðlaun. Hvatningarverðlaun hlaut foreldrafélagið Örkin hans Nóa, leikskólanum Nóaborg, fyrir framúrskarandi gott foreldrasamstarf en verkefnið hefur það að markmiði að stuðla að jákvæðum samskiptum foreldra á milli sem og milli foreldra og leikskólans. Dugnaðarforkaverðlaunin fengu Þórólfur Sigjónsson og Guðný Vésteinsdóttir, foreldrar barna í Hallormsstaðaskóla, fyrir sjálfbóðaliðastarf á tímum fjárskorts og öfluga og virka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Þórólfur hefur meðal annars séð um þjálfun unglinga fyrir Skólahreysti og hefur sú þjálfun stuðlað að aukinni vellíðan barnanna. Guðný hefur unnið að fjáröflunum, farið með nemendur í ferðalög og varið miklum tíma í að efla skólastarfið.

Frá Foreldraverðlaunum 2011.





#### Dómnefndina fyrir árið 2011 skipuðu:

Pórður Ingi Bjarnason, formaður dómnefndar, fulltrúaráð Heimilis og skóla  
Barbara Björnsdóttir, Heimili og skóli – landssamtök foreldra  
Borghildur Jósúadóttir, Heimili og skóli – landssamtök foreldra  
Guðbjörg Jónsdóttir, Menntasvið Reykjavíkurborgar  
Halla Jónsdóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Óskar S. Einarsson, Skólustjórafélag Íslands  
Ragnar Marteinnsson, Svæðasamtök foreldra framhaldsskólanema

### 3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn 2011, málþing Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, var haldinn í fyrsta skipti í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 18. nóvember. Málþingið var ætlað foreldrum og markmiðið var að veita hagnýtar upplýsingar um uppeldisaðferðir og hvetja til umræðu um foreldrafærni og ígrundun á foreldrahlutverkinu – mikilvægasta hlutverki foreldra.



Frá Foreldradeginum 2011.

Dagskrá Foreldradagsins 2011 hófst með fundi fulltrúaráðs Heimilis og skóla þar sem fulltrúar úr foreldrafélögum allra skólastiga víðs vegar af landinu komu saman til að fjalla um foreldrastarf í skólum landsins og miðla hugmyndum um hvernig megi best sinna því mikilvæga verkefni. Málþing Heimilis og skóla hófst með setningarræðu Guðbjarts Hannessonar, velferðarráðherra. Á málþinginu fluttu landsþekktir sérfræðingar á sviði uppeldismála erindi og að þeim loknum hófst sófaspjall þar sem rætt var við uppeldisfrömuði með fyrirspurnum úr sal. Eftir kaffihlé gátu þátttakendur valið úr fjölbreyttum vinnustofum þar sem tekin voru fyrir mismunandi málefni barna og unglinga. Í lok málþings voru samantektir og umræður.

Meðan á málþinginu stóð var boðið upp á markaðstorg þar sem ýmsir aðilar kynntu starfsemi sína, námskeið, vörur og aðra þjónustu. Þeirra á meðal voru: starfsmenn Embættis landlæknis, Fjölskyldumiðstöðin, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Bókaútgáfan Salka, fyrirtækið A4 Skrifstofa og skóli og Spilavinir. Þá lá frammi margvíslegt kynningarefni um foreldrastarf og uppeldi barna og unglinga. Ætlunin er að festa Foreldradaginn í sessi og halda hann á hverju ári.

### 3.6 SAFT

#### Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast *Safer Internet Action Plan* (<http://ec.europa.eu/saferinternet>). Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, meðal annars með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

#### Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í þrjátíu Evrópulöndum. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE ([www.saferinternet.org](http://www.saferinternet.org)) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet ([www.eun.org](http://www.eun.org)).

### SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, hefur frá upphafi gengið undir nafninu *Samfélag, fjölskylda og tækni*, skammstafað SAFT. Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Sérstök verkefnisstjórn átaksins var skipuð fulltrúum frá ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Embætti landlæknis, Barnaheill, Fjömiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá; stjórnvöldum, úr viðskiptalífnum, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu.

### Framkvæmd verkefnis

Árið 2011 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Stór hluti SAFT vakningarátaksins fólst í að kynna verkefnið fyrir foreldrafélögum grunnskóla um allt land. Í tilefni af Alþjóðlega netöryggisdeginum í febrúar 2011 stóð SAFT fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Stefnumótun Internetsins“. Gefin var út lestrarbókin *Rusleyjan* fyrir miðstig grunnskóla ásamt spunaleikverkinu Heimkoman sem dreift var í kjölfarið í alla skóla landsins. Ungmennaráð SAFT vakti athygli fyrir vasklega framgöngu, meðal annars í hringferð um landið með jafningjafræðslu, og þátttöku í Evrópuverkefni um þróun rafræna skilríkja sem nýst gætu á félagsnetsíðum á borð við Facebook. Gefinn var út bæklingur um heilræði fyrir unglingastig og dreift um allt land. Verkefnastjórar sóttu ráðstefnur á vegum INSAFE og kynntu þar meðal annars verkefnið og sóttu sér þekkingu. Samningur við ESB vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í september 2010.



### Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2011

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og SAFT stóðu fyrir vel sóttri ráðstefnu um stefnumótun Internetsins á Alþjóðlega netöryggisdeginum, þann 8. febrúar 2011. Tilgangur ráðstefnunnar, sem haldin var að erlendri fyrirmynd, var að skapa samráðsvettvang þar sem fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja, ýmiss konar samtaka, netþjónustuaðila, notenda og fræðimanna koma saman til að ræða stefnumótun og þróun á Internetinu. Þó að frumkvæði að þessari fyrstu ráðstefnu af þessum toga hér á landi hafi komið frá ráðuneytinum og SAFT, vonast aðstandendur til þess að áframhald verði á reglubundnu samráði um stefnumótun Internetsins á Íslandi með þátttöku og undirbúningi sem flestra áhugasamra hagsmunaaðila.



Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, setti ráðstefnuna og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, flutti ávarp og veitti verðlaun í Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu. Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra fjallaði í erindi fyrir hönd innanríkisráðherra um áherslur ráðuneytisins í rafrænum samskiptamálum. Lykilerindi voru í höndum Lee Hibbard, verkefnisstjóra netstjórnsýslumála (Internet Governance) hjá Evrópuráðinu, sem fjallaði um stefnumótun og jákvæða og neikvæða þróun löggjafar sem tekur til ólíkra þátta sem tengjast Internetinu, og Dr. William Drake, frá Centre for International Governance, Graduate Institute of International and Development Studies í Sviss, sem fjallaði um þróun og stefnumótun á Internetinu, um hlutverk ICANN og um nauðsyn á alþjóðlegu samstarfi. Auk þess hélt Íris Kristín Andrésdóttir frá Icelandic Gaming Industry erindi um nýjar og skapandi atvinnugreinar tengdar Internetinu og Fanndís Logadóttir, frá ungmennaráði SAFT, fjallaði um sýn ungra notenda á framtíð Internetsins og mikilvægi þess að tryggja örugga netnotkun.



Frá Alþjóðlega netöryggisdeginum 2011.

Haldnar voru sex málstofur eftir hádegi þar sem m.a. var fjallað um: hvernig best sé að tryggja öryggi ungs fólks á netinu og ábyrga notkun nýmiðla; hvaða réttindi gildi á netinu

með tilliti til tjáningar og til upplýsingaöflunar; um öryggi fjarskiptainniða á Íslandi; um verslun, framboð og aðgang að afþreyingu, upplýsingum og menningarefni á netinu; um uppbyggingu nýrra atvinnugreina á Internetinu og nýtingu Internetsins í námi og kennslu.



### SAFT ungmennaráð

SAFT lagði grunninn að stofnun sérstaks SAFT ungmennaráðs snemma árs 2008 en formlegt ungmennaráð var stofnað í byrjun árs 2009. Ungmennaráðið samanstendur af ungmennum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið aðstoðar við uppfærslu á heimasíðu SAFT, Facebook og Myspace síðum verkefnisins. Ráðið vinnur einnig hugmyndir um það hvernig eigi að kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, kemur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um hönnun og framkvæmd herferða, sinnir jafningjafræðslu og heldur erindi á foreldrafundum.



Frá jafningjafræðslufundum.

STORK verkefnið er viðamikil verkefni í upplýsingatækni með aðkomu sautján Evrópuþjóða. Sex tilraunaverkefni STORK eru nú tiltæk fyrir almennan aðgang og gera borgurum kleift að nota landsbundin rafræn auðkenni í mörgum Evrópulöndum. Sem stendur er ungmennaráðið þátttakandi í tilraunaverkefninu SaferChat. Markmiðið með SaferChat er að auka öryggi barna og unglinga í samskiptum á Internetinu með því að stýra aðgangi eftir aldri og tryggja hæsta öryggi í sannvottun á rafrænum auðkennum. Fjármálaráðuneytið leiðir verkefnið en Austurríki og Slóvakía eru samstarfsaðilar Íslands í SaferChat auk þess sem verkefnið er unnið í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, SAFT, INSAFE verkefnið um öryggi barna og unglinga á Internetinu og eTwinning sem er alþjóðlegt verkefni um rafræna fræðslu. Skólar í löndunum þremur sem að verkefninu koma vinna sameiginleg verkefni þar sem nemendur búa til fræðsluefni fyrir jafningjafræðslu um öruggari notkun Internetsins.

Veturinn 2011-2012 fór ungmennaráð SAFT í ferð í kringum landið og hélt jafningjafræðslufundi á völdum stöðum í samfloti við uppsetningu leikritsins Heimkoman. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og mörg þúsund ungmenni um land allt hlýddu á erindið og sáu leikþátt sem beinir sjónum að jákvæðri og öruggri netnotkun, með sértakri áherslu á rafrænt einelti.

Á árinu var einnig unnið að norrænu samstarfsverkefni þar sem ætlunin er að skapa samnorrænt ungmennaráð. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni (nánar tiltekið Nordisk Kulturfond) og kemur til framkvæmda árið 2012.

### Lestarbók og leikrit

Rusleyjan, lestrarbók eftir Þórarin Leifsson, er nýtt fræðsluefni fyrir miðstig grunnskóla sem SAFT dreifði til allra skóla landsins haustið 2011. Bókin fjallar um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, með sérstaka áherslu á rafrænt einelti og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Henni fylgja handrit og framkvæmdarlýsing á jafningjafræðslu og spunaleikverki sem nefnist Heimkoman og er eftir Rannveigu Þorkelsdóttur leiklistarkennara. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum skóla. Bæði lestrarbók og leikriti er dreift án endurgjalds. Verkefnið er unnið í samstarfi SAFT, Heimilis og skóla, Háteigsskóla, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Embættis landlæknis, Námsgagnastofnunar, Grænnar framtíðar og Félags um leiklist í skólustarfi. Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Samfélagssjóði Landsvirkjunar, frá Góða hirðinum/Sorpu, Reykjavíkurborg og Símanum. Vefsíðan [www.rusleyjan.is](http://www.rusleyjan.is) var opnuð í tengslum við verkefnið, en þar má finna upplýsingar um verkefnið í heild sinni. Í tengslum við verkefnið fór ungmennaráð SAFT um landið og var með jafningjafræðslu samhliða uppsetningu leikritsins Heimkoman. Þá gátu skólar, nemendur og skólafélög safnað ónýtum og gömlum smáraftækjum (GSM símum, fartölum, stafrænum myndavélum, stafrænum upptökuvélum, netlyklum og MP3 spilurum) í fjáröflunarskyni. Skólafélög eða einstakir árgangar geta safnað til einstakra verkefna, svo sem fyrir skólann sinn, skólaferðalög eða fyrir góðgerðarfélag. Græn framtíð mun greiða fyrir þann búnað sem safnast en hann verður fluttur til endurnýtingar hjá endurnýtingarfyrirtækjum í Evrópu. Þar mun búnaðurinn öðlast nýtt líf og verður meðal annars seldur aftur til þróunarríkja.



Leikverkið Heimkoman.

Kynningarefni leikverksins Heimkoman.






Bæklingurinn Netsnjall.

### Netsnjall

Vertu netsnjall! er bæklingur SAFT og Nýherja um árvekni á netinu. Bæklingurinn, sem ætlaður er börnum og unglingum og forráðamönnum þeirra, hefur að geyma ýmis heilræði um hvernig hægt sé að vera „netsnjall“ og hvetur um leið til gagnrýnnar hugsunar um það sem finnst á netinu. Í bæklingnum eru meðal annars ráðleggingar um hvernig netnotendur geta stýrt „prófílnum“ á netinu og hvernig passa megi upp á persónuupplýsingar og lykilorð. Einnig er bent á að það sem þú skrifar á netið situr þar eftir um ókomna tíð. Jafnframt er fólk hvatt til að hugsa sig vel um áður en það setur myndir eða myndbönd á netið. Bæklingurinn kom út haustið 2011 og var dreift á unglingastig grunnskóla landsins fram eftir vetri

### Vefsíður

Árið 2011 var ráðist í endurgerð og uppfærslu á heimasíðum SAFT ([www.saft.is](http://www.saft.is)) og Netsvars ([www.netsvar.is](http://www.netsvar.is)).



Nýjar vefsíður SAFT og NETSVAR.



### Ábendingahnappur

Ný og endurbætt ábendingalína um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu var kynnt í september 2011, eftir talsverðan undirbúning. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheill - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

### Núverandi samningur

Núverandi samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í september 2010, en verkefnalok voru 30. mars 2012. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta Netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Lýðheilsustöð (nú Embætti landlæknis) og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Óflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Næsta verkefnatímabil er áætlað 28 mánuðir frá maí 2012, en skiladagur umsókna var 29. mars 2012.

Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins [www.saft.is](http://www.saft.is).

## 4. ÚTGEFIÐ EFNI, ENDURPRENTUN, DREIFING OG VEFSÍÐA

### 4.1. HANDBÆKUR

Handbækur ætlaðar foreldraráðum og skólaráðum fyrir öll skólastigin voru sendar rafrænt í byrjun haustanna 2011 til skóla, foreldrafélaga, foreldra- og skólaráða. Handbækurnar eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu samtakanna.

### 4.2. VIRKIR FORELDRAR

Bæklingar um hlutverk foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða á öllum skólastigum; *Virkir foreldrar – betri leikskóli*, *Virkir foreldrar – betri grunnskóli* og *Virkir foreldrar – betri framhaldsskóli*; voru sendir rafrænt í alla skóla landsins.

### 4.3. RUSLEYJAN, LESTRARBÓK SAFT FYRIR MIÐSTIG OG LEIKVERKIÐ HEIMKOMAN



Bókin Ruslaeyjan og vefsíða hennar.

Haustið 2011 var unnið að gerð lestrarbókar fyrir miðstig. Bókin ber heitið *Rusleyjan* og fjallar um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, rafrænt einelti og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Höfundur bókarinnar er rithöfundurinn Þórarinn Leifsson en hann myndskreytti einnig. Bókin kom út í nóvember 2011 og var Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, afhent eintak 28. nóvember 2011 í Háteigsskóla en við það tilefni frumsýndu nemendur spunaleikverkið *Heimkoman* eftir Rannveigu Þorkelsdóttur, leiklistarkennara, sem samið var í tengslum við bókina. Ráðherra fékk einnig afhent handrit að spunaleikverkinu sem tekur í raun við þar sem bókinni sleppir. Einnig fylgir framkvæmdalýsing að jafningjafraeðslu. Lestrarbækur voru sendar á alla grunnskóla landsins og var lestrarbókum og leikriti dreift án endurgjalds. Verkefnið var unnið í samstarfi SAFT, Heimilis og skóla, Háteigsskóla, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Embættis landlæknis, Námsgagnastofnunar, Grænnar framtíðar og Félags um leiklist í skólasterfi.

### 4.4. VERTU NETSNJALLI



Gefinn var út SAFT bæklingurinn Vertu netsnjall! í samstarfi við Nýherja. Bæklingurinn fjallar um árvekni á netinu og er ætlaður börnum, unglingum og forráðamönnum þeirra. Hann hefur að geyma ýmis heilræði um hvernig hægt sé að vera „netsnjall“ og hvetur um leið til gagnrýnnar hugsunar um það sem finnst á netinu. Bæklingnum og veggspjaldi, sem unnin voru í samvinnu Nýherja, SAFT, Heimilis og skóla, Embættis landlæknis og Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, var dreift í þá grunnskóla sem SAFT heimsótti á árinu. Auk þess var bæklingnum dreift á rafrænu formi til allra grunnskóla og er hann einnig aðgengilegur á vef SAFT og skrifstofu Heimilis og skóla.

*Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri hjá Nýherja og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, voru ánægð með samstarfið.*

### 4.5. SAMSTÍGA

Samstíga, rafrænt fréttabréf samtakanna, var sent út sex sinnum á árinu.

### 4.6. TÍMARIT

Árið 2011 komu út tvö tímarit, í maí og október. Þau voru send á alla félagsmenn, leik-, grunn- og framhaldsskóla, greinarhöfunda og auglýsendur.

*Tímarit Heimilis og skóla*



### 4.7. HEIMASÍÐA OG FÉSBÓK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimilioskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Á síðunni eru einnig sýnishorn af útgefnu efni, greinar og nýjustu fréttir. Árið 2011 hefur síðan verið uppfærð og endurhönnuð og stendur til að opna nýja vefsíðu árið 2012.

Heimili og skóli – landsamtök foreldra eru með virka fésbókarsíðu sem opnuð var haustið 2009. Samtökin hafa þegar þetta er ritað eignast 620 aðdáendur/vini og daglega eru færðar inn fréttir og annað efni. Sú síða er uppfærð mun oft en heimasíðan enda auðvelt að setja tengla á áhugavert efni og margir sem skoða fésbókina frekar en heimasíðu Heimilis og skóla.

## 5. FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, ÞING OG NÁMSKEIÐ

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi. Hér verður dregið á því helsta.

**Heimili og skóli áttu fulltrúa á eftirfarandi fundum, ráðstefnum, námskeiðum og málþingum:**

- BUGL stóð fyrir ráðstefnu í Turninum, Smáratorgi 14. janúar og bar hún yfirskriftina Frá vanda til lausnar. Þar komu saman fagaðilar sem vinna að málefnum barna og unglunga. Hrefna Sigurjónsdóttir (þáverandi verkefnastjóri, nú framkvæmdastjóri) hélt fyrirlestur um SAFT verkefnið, helstu rannsóknarniðurstöður og netöryggi. Yfirskriftin var *Hvernig má nota netið á jákvæðan hátt?*



Frá Alþjóðlega netöryggisdeginum 2011.



Varðan sem reist var við aðalinngang Ráðhússins.



Leikskólafundur.



Frá undirritun yfirlýsingar Viku 43.

- Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur 8. febrúar. SAFT/Heimili og skóli, mennta- og menningarmálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið stóðu fyrir ráðstefnu um Internetið á Hilton hóteli, Nordica. Fyrir hádegi voru ræður og erindi og steig Fanndís Logadóttir, úr ungmennaráði SAFT, þar á stökk og fjallaði um netið með augum ungs fólks. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, veitti verðlaun í Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu. Í flokki fullorðinna bar Námsgagnastofnun sigur úr bítum en í flokknum efni frá ungu fólki sigraði Háteigsskóli fyrir leikþættina *Hugsaðu áður en þú sendir*. Eftir hlé voru sex málstofur í boði og í málstofu um *öryggi ungs fólks á netinu og ábyrga notkun nýmiðla* voru í pallborði eftirfarandi fulltrúar sem koma að SAFT verkefninu: Ólafur Elínarson frá Capacent, Hrefna Sigurjónsdóttir frá Heimili og skóla/SAFT, Jenný Ingudóttir frá Lýðheilsustöð (nú Embætti landlæknis) og Margrét Júlía Rafnsdóttir frá Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Þau byrjuðu á inngangserindum um SAFT rannsóknir og vakningarátak SAFT. Málstofustjóri var Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi sem situr einnig í stjórn Heimilis og skóla. Umsjónarmaður og ritari var Guðberg K. Jónsson, verkefnisstjóri SAFT.
- Foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík gengu niður Skólavörðustíg að Ráðhúsi Reykjavíkur 17. febrúar og vildu með því sýna andstöðu við niðurskurðaráform borgarinnar í leik- og grunnskólum. Reist var varða við aðalinngang Ráðhússins en þannig vildu foreldrar standa táknaænan vörð um skólagöngu barna sinna.
- Starfsfólk Heimilis og skóla fór á námskeið hjá Hróbjarti Árnasyni, lektor hjá Menntavísindasviði við Háskóla Íslands, í fullorðinsfræðslu 4. mars.
- SAFT tók þátt í sýningunni Netið Expo 2011 í Smáralind 11. mars og var þar með kynningarbás. Meðlimir úr ungmennaráði stóðu þar vaktina undir umsjón Hrefnu Sigurjónsdóttur, Guðbergs K. Jónssonar og Margrétar Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum.
- Saman hópurinn stóð fyrir fræðslufundi í Rimaskóla 4. apríl undir yfirskriftinni Bara gras? Fjölmargir fundir voru haldnir um land allt undir þeirri yfirskrift. Fjallað var um skaðsemi kannabis- og maríjúananeyslu ungs fólks. Guðrún Jónsdóttir sótti fundinn.
- Fundur hjá Barnaverndarstofu um samstarf Eyrstrasaltsríkjanna á sviði barnaverndar. Að frumkvæði framkvæmdastjóra samstarfsins, Lars Lööf, boðaði velferðarráðuneytið til fundar þann 10. maí með fulltrúum víðeigandi ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka í því skyni að kynna samstarf ríkjanna í málefnum barna. Hrefna Sigurjónsdóttir sat fundinn.
- Foreldraverðlaunin voru haldin 24. maí í Þjóðmenningarhúsinu.
- Aðalfundur Heimilis og skóla fór fram 24. maí í fundarsal Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Suðurlandsbraut 24, 3. hæð.
- Kynningarfundur Rannsóknar og greiningar á rannsókninni Ungt fólk 2010 framhaldsskólanemar, fimmtudaginn 9. júní 2011 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu.
- Fundur í Kaupmannahöfn vegna norræns samstarfsverkefnis SAFT, Nordic Youth IGF, 20. júní 2011. Verkefnastjórar þess verkefnis Hrefna Sigurjónsdóttir og Jenný Ingudóttir, Embætti landlæknis og í stjórn Heimilis og skóla, sóttu fundinn.
- Kynningarfundur Rannsóknar og greiningar á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar *Ungt fólk 2011 í 5., 6. og 7. bekk* 27. september.
- Formenn foreldrafélaga leikskóla á höfuðborgarsvæðinu funduðu með formanni og framkvæmdastjóra Heimilis og skóla ásamt Svövu B. Sigurjónsdóttur úr stjórn Heimilis og skóla á skrifstofu samtakanna 6. október.
- Námsefnissýning Námsgagnastofnunar 16. ágúst.
- Ráðstefna um Heilsueflandi grunnskóla á Grand hóteli 2. september.
- Aðalfundur Radda – samtaka um vandaðan upplestur 4. október. Hrefna Sigurjónsdóttir sat fundinn og tók við sæti í samtökunum fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Vika 43 – Vímuvarnavika 23. til 30. október.
- Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Hrefna Sigurjónsdóttir, skrifaði undir yfirlýsingu Viku 43 ásamt um 20 fulltrúum félagasamtaka í verkefninu, Umboðsmanni barna og velferðarráðherra 28. október 2011. Undirritunin fór fram í sal KFUM-K við Holtaveg. Í yfirlýsingunni er bent á mikilvægi þess að börn og ungmenni hafni neyslu áfengis og annarra vímuefna, enda stafi þeim ýmis hættu af neyslu þeirra. Einnig er bent á að mörg börn og ungmenni verði fórnarlömb neyslu



Dagur gegn einelti.



Frá fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla.



Bókin *Rusleyjan* og handrit að leikverkinu *Heimkomunni* afhent Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra.

annarra. Lögð er áhersla á rétt barna til lífs án áreitiss og afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu. Yfirlýsingunni var í framhaldi dreift til fjölmargra aðila sem fara með málefni forvarna á Íslandi, skóla, stofnana, stjórnenda, fagaðila og fleiri.

- HoFF hópurinn fundaði 28. október hjá Embætti landlæknis.
- Málþing um brottvarf úr framhaldsskólum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og OECD Hotel Natura 3. nóvember 2011. Hrefna Sigurjónsdóttir fór fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Skólalöng sveitarfélaga Hilton Reykjavík Nordica, 4. nóvember 2011. Ketill B. Magnússon, formaður, og Hrefna Sigurjónsdóttir mættu og las Ketill upp áskorun frá Heimili og skóla um mikilvægi þess að virða lögbundið samráð.
- Dagur gegn einelti 8. nóvember. Undirritaður var þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti í Höfða og skrifaði formaður Heimilis og skóla, Ketill B. Magnússon, undir sáttmálann. Formaður og framkvæmdastjóri mættu til móttöku.
- Íslensku menntaverðlaunin voru afhent í Sjálandsskóla 9. nóvember 2011. Formaður og framkvæmdastjóri voru viðstödd athöfnina.
- Samráðsfundur Heimilis og skóla/SAFT með sérfræðingum úr mennta- og menningarmálaráðuneyti á skrifstofu Heimilis og skóla 10. nóvember. Kynning á starfsemi samtakanna.
- Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla var haldinn í Háskólanum í Reykjavík 18. nóvember.
- Foreldradagur Heimilis og skóla í Háskólanum í Reykjavík 18. nóvember. Málþing um foreldrafærni. Ráðstefnustjóri var Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var veitt 21. nóvember í Þjóðmenningarhúsinu.
- SAFT lestrarbókin *Rusleyjan* og handrit að leikverkinu *Heimkomunni* voru afhent Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, í Háteigsskóla 28. nóvember. Frumsýndu nemendur úr Háteigsskóla spunaleikverkið *Heimkomuna* við það tækifæri.
- SAMAN hópurinn fundaði fyrsta mánudag hvers mánaðar.
- Náum áttum hópurinn fundaði reglulega tvisvar í mánuði (einn vinnufundur og einn opinn morgunverðarfundur).
- Stóra upplestrarkeppnin 2011, fundir og lokahátíðir.
- Fundir barnahóps *Velferðarvaktar*.
- Ýmsir fundir og ráðstefnur á vegum SAFT, innanlands og erlendis (Guðberg K. Jónsson).
- Ýmsir fyrirlestrar og fræðsla á vegum Heimilis og skóla og SAFT.

## 6. SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- Samtökin eiga fulltrúa í stjórn *Námsgagnastofnunar* sem hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Elín Thorarensen var fulltrúi Heimilis og skóla í stjórninni og Sjöfn Þórðardóttir, fyrrum formaður Heimilis og skóla, til vara. Skipunartíma þeirrar stjórnar lauk árið 2011 og tók ný stjórn til starfa í febrúar 2012. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, situr nú í stjórninni og Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, er til vara.
- *Samráðshópur um innritun nýnema í framhaldsskóla* á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nefnd skipuð til þriggja ára. Fulltrúi Heimilis og skóla er Sjöfn Þórðardóttir, fyrrum formaður samtakanna.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla* á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nefnd skipuð til þriggja ára. Fulltrúi er Sjöfn Þórðardóttir.
- *Barnahópur Velferðarvaktarinnar*, fulltrúi Heimilis og skóla fram til maí var Sjöfn Þórðardóttir en Hrefna Sigurjónsdóttir tók við hennar sæti 17. nóvember 2011.



- *Velferðarvaktin*. Fulltrúi á fundum hennar var Sjöfn Þórðardóttir.
- *Náum áttum* er opin samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, var fulltrúi samtakanna í samstarfshópnum þar til hún lauk störfum í október. Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, tók við.
- *Vika 43 – Vímuvarnavikan*.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri, var fulltrúi Heimilis og skóla þar til í október er hún lauk störfum. Sólveig Karlsdóttir tók við.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Samstarfsráði um forvarnir*, sem er samráðsvettvangur forvarnarsamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnarstarfi.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla í þessu verkefni á árinu var Guðrún Jónsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir tók við sem fulltrúi Heimilis og skóla á aðalfundi samtakanna 4. október 2011.
- *HoFF hópurinn* fundaði 28. október og tók Hrefna Sigurjónsdóttir þá við sem fulltrúi Heimilis og skóla.
- *Dagur leikskólans* var haldinn 4. febrúar 2011 og var Sjöfn Þórðardóttir í undirbúningshópi fyrir hönd Heimilis og skóla. Hrefna Sigurjónsdóttir tók við sæti í undirbúningshópnum í nóvember 2011.
- *Stjórn RANNUM*. Fulltrúi Heimilis og skóla/SAFT til mars 2012 var Sjöfn Þórðardóttir en við hennar sæti tók Halldór Jörgensson, úr stjórn Heimilis og skóla.

## 7. NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hafa verið óvirkir félagar norrænu foreldrasamtakanna *Nordisk Komité (NOKO)* árið 2011. Helgast það af niðurskurði og sparnaði í starfsemi samtakanna. Engar ráðstefnur á vegum NOKO voru því sóttar af formanni og starfsmönnum Heimilis og skóla árið 2011. Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, hefur þó verið í sambandi við forsvarsmenn NOKO og stendur til að hleypa lífi í samstarfið við fyrsta tækifæri. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Heimili og skóli fá eftir sem áður sent allt fréttta- og fræðsluefni og eru hluti af NOKO.

SAFT tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni (nánar tiltekið *Nordic Culture Fund* eða *Nordisk Kulturfond*). Verkefnið gengur undir nafninu *Nordic Youth Internet Governance Forum (NYIGF)* og er ætlunin að leiða saman ungmenni af Norðurlöndunum til að ræða stefnumótun Internetsins og framtíð þess. NYIGF verður haldið í Stokkhólmi 12. til 15. júní 2012 í tengslum við EuroDIG ráðstefnuna (European Dialogue on Internet Governance) sem verður þar um svipað leyt. Um 30 ungmenni á aldrinum 14 til 17 ára frá Noregi, Danmörku, Íslandi, Finnlandi og Svíþjóð mynda norrænt ungmennaráð (*Nordic Youth Delegation*) og munu þau taka þátt í EuroDIG ráðstefnunni eftir að hafa ígrundað sitt innlegg áður. Sænska fjölmiðlaráðið (*Swedish Media Council* eða *Statens mediaråd*) stýrir verkefninu í samstarfi við norræn fjölmiðlayfirvöld, Nordicom og Norrænu ráðherranefndina. Verkefnið mun halda áfram út árið 2012 og er ætlunin sú að ályktunum ungmennaráðsins verði dreift innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Ætlunin er að senda nokkra fulltrúa úr norrænu ungmennaráðinu á IGF ráðstefnu í Baku, Aserbaidsjan haustið 2012.



## 8. EVRÓPSKT SAMSTARF

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, *European Parents' Association (EPA)* á fundi EPA í september 1998. Meginmarkmið samtakanna er í grófum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólustarfs
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólustarfi á öllum skólastigum
- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (*good practice*)
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra

Heimili og skóli hafa ekki sótt neina fundi né ráðstefnur á vegum EPA árið 2011 en samtökin fá reglulega fréttabréf og annan fróðleik með tölvupósti.

## 9. LOKAORÐ

Árið 2011 var samtökunum mjög árangurs- og viðburðaríkt, bæði hvað varðar faglegt starf og fjárhag. Farnar voru nýjar leiðir í að þjónusta foreldra, meðal annars með því að halda Foreldradaginn hátíðlegan í fyrsta skipti með opnu málþingi um foreldrafærni. Einnig voru gefin út tvö tímarit á árinu og haldinn var fulltrúaráðsfundur með skólaforeldrum alls staðar af landinu úr leik-, grunn- og framhaldsskólum. Að venju voru Foreldraverðlaunin veitt í Þjóðmenningarhúsinu í maí, í sextánda sinn. Vefur samtakanna og samfélagsmiðlar eins og Fésbók voru mikið notaðir til að miðla upplýsingum um skólamál til foreldra. Verið er að hanna nýjan og endurbættan vef samtakanna sem líta mun dagsins ljós á næstunni.

Heimili og skóli réðu nýjan framkvæmdastjóra í september, Hrefnu Sigurjónsdóttur, sem starfað hefur hjá samtökunum í nokkur ár sem verkefnastjóri. Undir lok ársins var Sólveig Karlsdóttir ráðin sem verkefnastjóri. Í dag starfa því hjá Heimili og skóla þrír starfsmenn, færri en undanfarin ár, og sinna þeir jafnframt hinu viðamikla samevrópska vakningarverkefni um örugga tækninotkun barna og unglinga, SAFT, sem Guðberg K. Jónsson stýrir.

Alger viðsnúningur hefur verið á fjármálum samtakanna á árinu 2011, en tekist hefur að snúa rúmlega 20 milljón króna tapi af rekstri samtakanna á árinu 2010 í jákvæða rekstrarafkomu. Endurskoðaðir hafa verið allir helstu verkferlar í stjórnun fjármála samtakanna með dyggri aðstoð bókhaldsþjónustunnar Gæðaendurskoðunar. Flutt var í hagkvæmara húsnæði á 2. hæð á Suðurlandsbraut 24 og nýttist það að mörgu leyti betur fyrir starfseminu.

Viðræður hafa staðið yfir við Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og sérfræðinga úr ráðuneytinu um heildstæðan þjónustusamning við Heimili og skóla þess efnis að samtökin veiti skólaforeldrum í landinu ýmsa þjónustu. Ráðherra hefur lýst sig reiðubúinn að gera slíkan samning við Heimili og skóla til lengri tíma, sem styrkja mun rekstrargrundvöll samtakanna og faglegt starf.

Þessi mikli árangur af starfi samtakanna er ekki sjálfgefinn og hefði ekki tekist nema með mikilli sjálfböðavinnu framkvæmdanefndar og stjórnar, auk einstakrar útsjónasemi og fagmennsku alls starfsfólks. Ég vil því þakka kærlega starfsfólki, stjórn og öllum þeim sem lögðu samtökunum lið á árinu. Þetta hefur verið annasamt en mjög skemmtilegt ár. Vonandi halda Heimili og skóli – landsamtök foreldra áfram að blómstra í þágu foreldra árið 2012, á 20 ára afmæli samtakanna.

*Ketill B. Magnússon,*  
formaður

# LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

## Nafn og aðsetur

**1. gr.** Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

## Tilgangur, markmið og leiðir

**2. gr.** Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félag innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

## Aðild

**3. gr.** Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrar stofnanir geta einnig orðið fullgildir félagar. Samtökin eiga samvinnu við og geta verið í málsvari fyrir þau svæðasamtök, foreldrafélög og foreldraráð sem eiga aðild að samtökunum.

## Stjórnskipulag

**4. gr.** Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmalaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísi. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

## Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

**5. gr.** Stjórn samtakanna skipa ellefu menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, sex stjórnarmenn annað hvert ár og fimm hitt árið. Fjórir stjórnarmenn skulu að jafnaði vera af höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Fulltrúaráði samtakanna er heimilt að tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys varaformann og ritara. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

Stjórnin stýrir samtökunum í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

**6.gr.** Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

**7.gr.** Stjórn kys úr sínum hópi á fyrsta stjórnarfundum þrjú menn af fjórum í framkvæmdanefnd. Formaður stjórnar er sjálfkrafa formaður framkvæmdanefndar. Nefndin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Sérhver nefndarmaður getur skotið ákvörðun nefndarinnar til fullskipaðrar stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdanefndar og ritar fundargerð. Framkvæmdanefnd starfar á milli stjórnarfunda í umboði stjórnar. Stjórn setur framkvæmdanefnd nánari starfsreglur. Um annað en að framan er kveðið á um og varðar störf og starfshætti stjórnar og framkvæmdanefndar setur stjórn reglur eftir því sem þurfa þykir.

**8.gr.** Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði árlega. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

#### Fjármál

**9 gr.** Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

#### Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 1998.

#### Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 25. apríl 2008, sem samþykkir lög þessi, skal kostið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir sex nýir fulltrúar til tveggja ára og tveir til eins árs. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrjú fulltrúar áður kjörnir.



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra



Heimili og skóli – landssamtök foreldra  
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð  
108 Reykjavík  
Sími 516 0100

<http://heimiliogskoli.is>

